

Þinggerð 48. Fjórðungsþings Vestfirðinga dagana 5. og 6. september 2003.
(Endurrit)

1. Setning þings.

Árið 2003 þ. 5. september var Fjórðungsþing Vestfirðinga sett í Reykjanesi kl. 13:00. Formaður Fjórðungssambandsins Guðni Geir Jóhannesson setti þingið og bar fram tillögu um Jónu Valgerði Kristjánsdóttur sem þingforseta. Var tillagan samþykkt með lófataki. Jóna Valgerður þakkaði það traust sem henni væri sýnt og tók við stjórn þingsins. Hún bar upp tillögu um Ásdísi Leifsdóttur sem varaforseta og var það samþykkt. Þá bar hún upp tillögu um þær Elfu Björk Bragadóttur og Kristínu S. Einarsdóttur sem ritara og var það samþykkt.

Lögð fram tillaga um kjörbréfanefnd og voru samþykkt þau Þuríður Ingimundardóttir, Ketill Elíasson og Salvar Baldursson. Tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

Kjörbréfanefnd gerði grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar eftir að hafa yfirfarið kjörbréf. Þuríður Ingimundardóttir lagði til að eftirfarandi fulltrúar samkv. kjörbréfum væru samþykktir:

Ísafjarðarbær:	Birna Lárusdóttir Elías Guðmundsson Halldór Halldórsson Ragnheiður Hákonardóttir Björgmundur Ö. Guðmundsson Guðni Geir Jóhannesson Lárus Valdimarsson Magnús Reynir Guðmundsson Bryndís Friðgeirsd. (ekki mætt)
Bolungarvík:	Elías Jónatansson Sölvi R. Sólbergsson Daðey S. Einarsdóttir Ragna J. Magnúsdóttir Bergur Karlsson Ketill Elíasson Soffía Vagnsdóttir
Súðavíkurbætur:	Salvar Baldursson Jón Grétar Kristjánsson Friðgerður Baldvinsdóttir (ekki mætt) Sigurdís Samúelsdóttir (ekki mætt) Albert Heiðarsson
Vesturbyggð:	Ólafur Baldursson Sonja Jónsdóttir Sigurður Viggósson (mætir ekki) Guðmundur Sævar Guðjónsson Þuríður Ingimundardóttir Kolbrún Pálsdóttir (mætir ekki) Jón B.G. Jónsson (mætir ekki)
Tálknafjörður:	Ásdís Auðunsdóttir Ólafur M. Birgisson
Reykholahreppur:	Gústaf Jökull Ólafsson
Bæjarhreppur:	Sigurður Kjartansson
Hólmavíkurbætur:	Haraldur V.A Jónsson Elfa Björk Bragadóttir Eysteinn Gunnarsson Kristín Einarsdóttir

Kaldraneshreppur: Guðmundur B. Magnússon
Óskar Torfason
Guðbrandur Sverrisson

Broddaneshreppur og Árneshreppur senda ekki kjörbréf, en oddviti Árneshrepps mætti síðari daginn til fundar.

Eftirfarandi breytingar voru lagðar fram á kjörbréfum:

Með atkvæði Bryndísar Friðgeirsdóttur fer Lárus Valdimarsson. Með atkvæði Sigurðísar Samúelsdóttur fer Albert Heiðarsson og með atkvæði Friðgerðar Baldvinsdóttur fer Guðjón Kjartansson. Með atkvæði Kolbrúnar Pálsdóttur og Jóns B.G. fer Þuríður Ingimundardóttir og með atkvæði Sigurðar Viggóssonar fer Sonja Jónsdóttir.

2. Ávörp gesta:

Til máls tóku Jóhann Ársælsson alþingismaður og Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður. Allir þingmenn Norðvesturkjördæmis sátu þingið. Einnig má geta um að Þórólfur Halldórsson sýslumaður, Jónas Guðmundsson sýslumaður, Kristján Jóhannsson formaður AtVest, Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari M.Í. sátu þingið, auk fleiri gesta samkvæmt þátttökulista.

3. Skýrsla stjórnar, ársreikningur, og fjárhagsáætlun:

Formaður stjórnar Guðni Geir Jóhannesson gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og störfum á liðnu ári. Guðmundur E. Kjartansson löggiltur endurskoðandi gerði grein fyrir og lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Hann vakti athygli á lífeyrisskuldbindingum sambandsins, sem ekki væru færðar í ársreikningi. Hann nefndi einnig að ekki hefði verið vaxtareiknuð skuld framkvæmdastjóra við Fjórðungssambandið um áramót. Formaður lagði fram drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2003 og áætlun 2004. Hann sagði að ekki hefði verið lögð mikil vinna í þessar tölur, þar sem fyrir dyrum stæðu breytingar á rekstri sambandsins skv. tillögum sem lægju fyrir þinginu. Orðið gefið laust um þessa liði en enginn tók til máls og lagði þá þingforseti til að reikningum og fjárhagsáætlun væri vísað til fjármálanefndar og var það samþykkt.

Breyting var gerð á dagskrá og tekið fyrir að kjósa í nefndir þingsins:

Tillaga um Allsherjarnefnd: Lárus G. Valdimarsson, Birna Lárusdóttir, Guðmundur B. Magnússon. Samþykkt samhljóða. Síðan skrifuðu sig á eftirfarandi nefndarmenn: Magnús Reynir Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Ásdís Leifsdóttir, Guðjón Kjartansson, Ómar Már Jónsson, Albert Heiðarsson, Ketill Elíasson.

Tillaga um Fjórðungsmálanefnd: Halldór Halldórsson, Guðmundur Sævar Guðjónsson, Eysteinn Gunnarsson, samþ. Samhljóða. Síðan skrifuðu sig á eftirfarandi nefndarmenn: Guðbrandur Sverrisson, Björgmundur Guðmundsson, Elías Guðmundsson, Einar Örn Thorlacius, Sonja Jónsdóttir, Finnur Pétursson, Soffía Vagnsdóttir, Ragna Magnúsdóttir, Einar Pétursson, Elías Jónatansson, Gústaf Jökull Ólafsson, Þórólfur Halldórsson, Ragnheiður Hákonardóttir, Brynjólfur Gíslason.

Tillaga um Fjármálanefnd: Sölvi R. Sólbergsson, Salvar Baldursson, Ásdís Auðunsdóttir. Samþykkt samhljóða. Síðan skrifuðu sig á eftirfarandi nefndarmenn: Daðey Einarsdóttir, Jón Grétar Kristjánsson, Óskar Torfason, Bergur Karlsson.

4. Kynning:

Kynning á vímuvarnarverkefninu: Vertu til. Halldór Halldórsson og Svandís Nína Jónsdóttir kynntu. Verkefnið var nánar kynnt í hliðarsal á eftir.

5. Uppbygging byggðakjarna á Vestfjörðum:

Erindi fluttu eftirtaldir:

Baldur Pétursson deildarstjóri í Iðnaðarráðuneytinu um byggðaáætlun og byggðaþróun 2002-2005. Gunnlaugur Júlíusson hagfræðingur hjá Sambandi ísl. Sveitarfélaga. Hjalti Jóhannesson frá Háskólanum á Akureyri. Brynjólfur Gíslason, bæjarstjóri í Vesturbyggð, talar sem einstaklingur. Elías Jónatansson, forseti bæjarstjórnar í Bolungarvík. Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri Hólmavík talar sem einstaklingur. Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

6. Pallborðsumræður:

Uppbygging byggðakjarna á Vestfjörðum. Stjórnandi Karl Eskil Pálsson fréttamaður. Hann spurði þátttakendur m.a. um árangur af skýrslum undanfarinna ára, um nýskipaða verkefnisstjórn sem m.a. Halldór Halldórsson á sæti í ásamt tveimur öðrum og hver árangur eigi að verða af starfi hennar, um hrepparíg, um kjördæmaskipan og áhrif hennar á byggðamál, um starfsemi Sambands sveitarfélaga og áherslur sambandsins í sameiningarmálum sveitarfélaga. Hann spurði um atvinnumál á Vestfjörðum, og helstu sóknarfæri, um samgöngumál og samkeppnishæfni svæða. Hann bað að lokum um ráðleggingar til verkefnisstjórnar og hvort mikilvægt væri að menn ynnu saman. Voru umræður afar fjörugar og skemmtilegar og greinilegt að stjórnandi kunni vel með efnið að fara. Fram kom að Verkefnisstjórn sem Iðnaðarráðherra hefur skipað til að gera tillögur um verkefni sem tengist Byggðaáætlun Vestfjarða ætlar að skila af sér þannig að menn sjái að framkvæmd verkefna sé hafin. (úrdráttur úr fundargerðabók og af segulbandi)

7. Mál lögð fram fyrri umræða.

- a) Mál lögð fram af stjórn Sambandsins.

Þingskjal nr. 9	Framsaga Þuríður Ingimundardóttir – vísað til Fjórðungsmálanefndar.
Þingskjal nr. 10	Framsaga Ragnheiður Hákonardóttir – vísað til Allsherjarnefndar.
Þingskjal nr. 11	Framsaga Ragnheiður Hákonardóttir – vísað til Allsherjarnefndar.
Þingskjal nr. 5	Framsaga Guðni Geir Jóhannesson- vísað til Fjármálanefndar.
Þingskjal nr. 6	Framsaga Elías Jónatansson – vísað til Fjármálanefndar.
Þingskjal nr. 7	Framsaga Guðni Geir Jóhannesson – vísað til fjármálanefndar.
Þingskjal nr. 8	Framsaga Guðni Geir Jóhannesson – vísað til fjármálanefndar.
Þingskjal nr. 12	Framsaga Haraldur V.A. Jónsson – vísað til Fjórðungsmálanefndar.
Þingskjal nr. 13	Framsaga Haraldur V.A. Jónsson – vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Umræður:

Til máls tóku: Magnús Reynir Guðmundsson, Guðni Geir Jóhannesson, Sölvi R. Sólbergsson.

Tillaga kom fram um að vísa þingskjölum 5 og 6 einnig til Allsherjarnefndar og var það samþykkt.

- b) Mál lögð fram af þingfulltrúum:

Þingskjal nr. 14	Framsaga Finnur Pétursson – vísað til Fjórðungsmálanefndar.
Þingskjal nr. 15	Framsaga Jónas Guðmundsson – vísað til Allsherjarnefndar.
Þingskjal nr 16	Framsaga Guðmundur S. Guðjónsson – vísað til Fjórðungsmálanefndar
Þingskjal nr. 17	Framsaga Halldór Halldórsson – vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Umræður:

Ragnheiður Hákonardóttir.

Kl. 19:00 var gert hlé á þingstörfum og tóku nefndir þá til starfa og störfuðu fram til kl. 20:00 og síðan næsta dag frá kl. 9:30 til 10:00.

Þá hófst kvöldverður með söng og skemmtisögum og spjalli fram eftir kvöldi.

Laugardagur 6. september:

Þingi var fram haldið kl. 10:10 .

8. **Bjarni Þór Einarsson frá SSNV** flutti erindi um yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Hann lýsti framkvæmdinni á Norðurlandi vestra og taldi það hafa gefið góða raun. Hann flutti erindi sitt á glærum. Orðið gefið laust en enginn tók til máls.
9. **Ávarp. Siv Friðleifsdóttir, umhverfisráðherra** um drög að náttúruverndaráætlun. Hún lagði áherslu á samstarf við heimamenn og sveitarfélög. Til máls tóku síðan Ragnheiður Hákonardóttir, Guðbrandur Sverrisson, Magnús R. Guðmundsson. Að lokum svaraði umhverfisráðherra þeim spurningum sem fram höfðu komið.

10. Stuttar skýrslur.

- a) Fræðslumiðstöð Vestfjarða - Smári Haraldsson forstöðumaður.

- b) Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða – Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.
- c) Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða – Anton Helgason framkvæmdastjóri
- d) Ferðamálasamtök Vestfjarða – Jóhann Ásmundsson formaður
- e) Samvinnunefnd Miðhálandis – Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fulltrúi F.V.
- f) Stefnumótun í menningarmálum -Dagný Sveinbjörnsdóttir, ráðgjafi AtVest.

Umræður: Enginn tók til máls.

11. Afgreiðsla mála frá nefndum.

a) Mál lögð fram af Fjórðungssmálanefnd- framsögumaður Halldór Halldórsson.

Þingskjal nr. 18 – Tillaga um starfshóp um samgöngumál – Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 19 – Ályktun um vegamál - Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 20 - Ályktun um fjarskipti - Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 26 – Tillaga um skoðun á sameiningu sveitarfélaga í V-Barð.

Samþykkt að vísa til stjórnar.

Þingskjal nr. 27 – Framtíðarsýn fyrir Vestfirði –svæðisskipulag-landnýting .

Fjórðungsþing felur stjórn F.V. að vinna að stefnumótun í samræmi við samþykkt þessa.

Þingskjal nr. 28 - Ályktun um vegamál – Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 29 - Um Fjölmenningssetur. Tekið á dagskrá með samþykkt þingsins.

Samþykkt samhljóða.

Engar umræður urðu um málin.

b) Mál lögð fram af Allsherjarnefnd – framsögumaður Lárus G. Valdimarsson.

Þingskjal nr. 22 – Ályktun um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. –

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 23 – Ályktun um niðurgreiðslur húshitunar. – Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 15 – Ályktun um ökuhraða á þjóvegum.

Umræður:

Um þingskjal nr. 15. Til máls tóku: Magnús Reynir Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Halldór Halldórsson, Púriður Ingimundardóttir, Guðjón Arnar Kristjánsson, Soffía Vagnsdóttir, Guðni Geir Jóhannesson, Kristinn H. Gunnarsson, Elías Jónatansson, Jón Bjarnason, Guðbrandur Sverrisson., Ketill Elíasson lagði fram tillögu á þingskjali 31 um að vísa þingskjali nr. 15 til stjórnar. Það var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

c) Mál lögð fram af Fjármálanefnd. Framsögumaður Sölvi R. Sólbergsson.

Þingskjal nr. 21- Ársreikningur 2002 – Fjárhagsáætlun 2003 og 2004.

Á þingskjali 3 er endurskoðun fjárhagsáætlunar 2003 og fjárhagsáætlun 2004.

Nefndin bendir á að breytingar eru framundan á rekstri Fjórðungssambandsins sbr.

þingskjöl nr. 5- 8 og telur fjárhagsáætlanir því ófullkomnar.

Á þingskjali 21 er umsögn um ársreikning 2002 og lagt til að hann verði samþykktur.

Einnig er þar ábending nefndarinnar um fjárhagsáætlun 2003 og 2004.

Þingskjal nr. 21 – Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 24 - Drög að samningi um rekstur skrifstofu Sambandsins sbr.

þingskjal nr. 5. Lagt til að gildistími verði 1. jan. 2004. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 25 – Þar er lagt til að þingskjöl 6,7 og 8 verði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 6 – Samningur um atvinnu-og byggðapróun. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7 – Umboð til að ganga frá fjárhagshlið samningsins.- Samþ.samhljóða.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga um kaup á hlutafé. – Samþykkt samhljóða.

Engar umræður urðu um mál lögð fram af Fjármálanefnd.

12. Önnur mál.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

13. Slit 48. Fjórðungsþings.

Þegar dagskrá var tæmd þakkaði þingforseti þingfulltrúum og gestum fyrir komuna og þakkaði þeim vel unnin störf á þinginu. Hún gaf því næst Guðna Geir Jóhannessyni stjórnarformanni FV orðið.

Formaður þakkaði góða þingsetu og móttöku gestgjafa. Hann þakkaði þingforsetum, riturum, starfsmönnum og öllum þeim sem unnu að undirbúningi þingsins. Hann taldi að hér hefðu orðið nokkur tímamót í sögu Fjórðungssambandsins.

Því næst sagði hann 48. Fjórðungspingi Vestfirðinga slitið. (kl. 16:00)

Elfa Björk Bragadóttir og Kristín S. Einarsdóttir rituðu fundargerð.

Fundargerðin er hér tekin saman af Jónu Valgerði Kristjánsdóttur sem einnig var þingforseti. Stuðst er við ritun fundargerðar, kjörbréf, og segulbandsupptöku.